SÍÐUSTU FORVÖÐ Þrjár sýningar líða undir lok í Hafnarhúsinu á sunnudag: Án áfangastaðar þar sem útgangspunkturinn er ferðahugurinn og upplifun ferðamannsins á því umhverfi sem verður á vegi hans; D20 - Helgi Már Kristinsson, hefur einbeitt sér að abstraktmálverkinu með sterkum áhrifum frá graffi og götulist; Erró - Samtíningsverk/Þrívíddarsamklipp, þar sem meðal annars eru sýnd verk sem notuð voru sem leikmyndir í kunnum kvikmyndum.

HÁPUNKTAR SEQUENCES-VIKUNNAR

Myndlistarhátíðin Sequences stendur nú sem hæst. Þetta er í fimmta sinn sem hátíðin er haldin.

Á boðstólum í ár eru rúmlega tuttugu verk eftir erlenda og innlenda listamenn víðs vegar um borgina. Hannes Lárusson er heiðurslistamaður hátíðarinnar í ár en sýning hans „Hann og hún – Ég og þau“ er sýnd í Gallerí Kling og Bang. Sequences 2011 stendur fram á sunnudag. Nánari upplýsingar um hátíðina má nálgast á heimasíðu hennar, sequences.is. Fréttablaðið stiklar á stóru á þeim viðburðum sem sýndir hafa verið fram að þessu.



Hinn danski Christian Falsnæs bjó til myndband við frumsamið popplag við Grandagarð 27.



Dísablót buðu upp á gjörning þar sem haldið var á haf út í leit að nýjum ævintýrum.



Hátíðin hófst með með sýningu Hannesar Lárussonar, heiðurslistamanns hátíðarinnar, Hann og hún - Ég og þau.



Mælt er með að hafa sundföt meðferðis áður en kíkt er við á sýninguna Meeting Valery Smith í Útgerðinni.



Intrum Justitia hópurinn bauð upp á loftkastala og hægt var að slá í piñata svo fiskhausar og sælgæti flugu út um allt gólf.





ÞJÓÐLEIKUR Þjóðleikur hefur breitt úr sér og var haldinn á Akureyri fyrir viku, þar sem þessi mynd var tekin.

Þjóðleikur fyrir austan

Ellefu leikhópar af öllu Austurlandi sýna þrjú frumsamin leikverk eftir íslensk leikskáld á leiklistarhátíðinni Þjóðleik á Egilsstöðum nú um helgina.

Sýnd verða verkin Mold eftir Jón Atla Jónasson, Kuðungarnir eftir Kristínu Ómarsdóttur og Iris – nútímaævintýri eftir Brynhildi Guðjónsdóttur og Ólaf Egil Egilsson.

Þetta er í annað sinn sem Leiklistarhátíðin Þjóðleikur er haldin á Austurlandi. Verkefnið hófst sem samstarfsverkefni Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs og Þjóðleikhússins árið 2008. Síðan hefur það vaxið og dafnað og tóku Norðlendingar þátt í fyrsta sinn í ár og sýndu verkin fyrstu helgina í apríl.

Leikendur eru á aldrinum þrettán til tuttugu ára en njóta handleiðslu fullorðinna leikstjóra. Þjóðleikhúsið veitti hópunum faglega ráðgjöf og hélt námskeið yfir æfingatímann.

Alls verða 22 sýningar frá 8. til 10. apríl, allar í Sláturhúsinu á Egilstöðum.